

366. – Stjórnarfundur LEB 2. febrúar 2023
Kl. 10.00 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónsson og Jónas Sigurðsson.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 20.01.2023

Samþykkt

2. Kjaramál

Þorbjörn sem jafnframt er formaður kjaranefndar stjórnaði umræðunni um kjaramál.

Nú er í vinnslu hjá lögfræðingum kvörtun Gráa hersins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Í framhaldi er kominn grundvöllur til frekari kjarabaráttu og þá er mikilvægt að gera upp við sig hvar megináherslur eiga að liggja. Sérstaklega að líta til lægstu tekjutíundanna. Hvernig er þeim best borgið?

- Hækkun grunnlífeyris til lágmarkstaxta á vinnumarkaði?
- Hækkun almenna frítekjumarksins?
- Lækkun skerðingarprósentu úr 45% í 30%?

Allt þetta kemur til álit.

Mikilvægur liður í kjörum eldri borgara er viðunandi húsnæði, hvort sem það verði gert eldra fólki auðveldara að nýta eigið húsnæði áfram eða að skipta í hentugt húsnæði eftir getu til sjálfshjálpar, sem og hjúkrunarheimili.

Einnig er þörf á að efla fulltrúa eldri borgara í öldungaráðum sveitarfélaga og þarf að halda netfund með þeim fyrir landsfund LEB.

Mikilvægt að halda formannafund, helst sem staðfund, ekki seinna en í lok febrúar, til að móta tillögur fyrir landsfund LEB.

3. Samstarf við Neytendasamtökin

Neytendasamtökin eru að taka saman upplýsingar um netsvik. Þau munu kosta textagerð og hönnun á bæklingi. Þjóða LEB að fá efnið til útgáfu á bæklingi sem þá yrði prentaður á kostnað LEB til dreifingar meðal eldra fólks.

Samþykkt



LEB

Landssamband eldri borgara

4. LEB blaðið

Blaðið er í vinnslu hjá ritstjóra. Formaður kallaði eftir hugmyndum um efni og þessar voru nefndar:

- Grein um öldungaráð.
- Pistill um svokölluð "fyrirmælasvik".
- Grein um rannsóknir sem hafa verið gerðar á hvernig húsnæði þyrfti að vera hannað svo væri hentugt fyrir eldra fólk.
- Kjarnabyggðir á norðurlöndum. Drífa býðst til að skrifa um þær og á myndir til að hafa með.

5. Önnur mál

Landsfundur LEB 2023

Fyrir utan hefðbundna dagskrárliði verði einkum þrjú málefni á dagskrá:

- Kjaramál
- Húsnæðismál
- Öldungaráð

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.06

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundaregrð samþykkt á stjórnarfundum 27.febrúar 2023

Helgi Pétursson formaður LEB

Reglur um kostnaðarpáttöku LEB vegna landsfunda LEB

Samþykkt á stjórnarfundum LEB, 27. febrúar 2023

1. Samkvæmt lögum LEB:

12. gr. Ferða- og dvalarkostnaður

12.1. Útlagður ferða- og dvalarkostnaður *vegna fulltrúa á landsfundi greiðist allt að hálfu af LEB eftir athugun og ákvörðun stjórnar.*

2. Ferðakostnaður sem LEB greiðir vegna landsfundar og kjörinn fulltrúi sækir, getur aldrei numið hærri upphæð en lægsta fáanlega netfargjald milli staða, rútu- og/eða strætógjaldi.

Ef einkabíll er óhjákvæmilega nýttur, þá mun LEB greiða kr. 50 fyrir pr. ekinn km frá heimili að 15 km radíus frá fundarstað.

3. Gistikostnaður vegna fundarpáttöku, þ.e. hótélkostnaður, er greiddur til helminga á móti hverju félagi/fulltrúa félags.

Fulltrúi skal leitast við að nýta sér hagstætt verð í vali á gististað. Ef LEB hefur upp á að bjóða sértíloboð á gistingu, þá skal fulltrúi nýta sér það, eða hagstæðari kjör. LEB greiðir eingöngu þessa greiðslu fyrir eina gistinótt ef fundur stendur í einn dag og er þá gert ráð fyrir að fulltrúinn geti ferðast annað hvort heim eða að heiman samdægurs. Félag eða fulltrúi skal greiða fyrir gistingu og framvísa síðan reikningi til LEB fyrir endurgreiðslu þess hluta sem LEB bera að greiða.

4. LEB greiðir veitingar á fundartíma landsfundar fyrir alla fulltrúa aðildarfélaga. Ef sérstakur kvöldverður er skipulagður að loknum landsfundarstörfum er hann valkvæður fundarmönnum. LEB greiðir helming á móti fulltrúa aðildarfélags. Fulltrúi getur boðið gesti með sér til kvöldverðar og greiðir hann þá fullt gjald fyrir sig.
5. LEB tekur ekki þátt í neinum þeim kostnaði sem flokka má undir einkaneyslu, svo sem mat eða gistingu á leið til eða frá fundarstað.
6. Endurgreiðsla fæst samkvæmt framlögðum reikningum. Reikningar skulu berast skrifstofu LEB.

Formaður, gjaldkeri og skrifstofustjóri úrskurða um réttmæti þeirra. Rísi ágreingur má skjóta honum til stjórnar sem þá kveður upp endanlegan úrskurð.

Reglur um kostnaðarpáttöku LEB vegna stjórnar- og nefndafunda LEB

Samþykkt á stjórnarfundum LEB, 27. febrúar 2023

1. Ferðakostnaður sem LEB greiðir vegna stjórnar- og nefndafunda og kjörinn fulltrúi og/eða nefndarmaður sækir, getur aldrei numið hærri upphæð en lægsta fánlega netfargjald milli staða, rútu- og/eða strætógjaldi.

Ef einkabíll er óhjákvæmilega nýttur, þá mun LEB greiða kr. 50 fyrir pr. ekinn km frá heimili að 15 km radíus frá fundarstað

2. Gistikostnaður vegna fundarpáttöku, þ.e. hótélkostnaður, er greiddur til helminga á móti hverju félagi.

Fulltrúi skal leitast við að nýta sér hagstætt verð í vali á gististað. Ef LEB hefur upp á að bjóða sértílbóð á gistingu, þá skal fulltrúi nýta sér það, eða hagstæðari kjör.

LEB greiðir eingöngu þessa greiðslu fyrir eina gistinótt ef fundur stendur í einn dag og er þá gert ráð fyrir að fulltrúinn geti ferðast annað hvort heim eða að heiman samdægurs. Félag eða fulltrúi skal greiða fyrir gistingu og framvísa síðan reikningi til LEB fyrir endurgreiðslu þess hluta sem LEB bera að greiða.

3. LEB tekur ekki þátt í neinum þeim kostnaði sem flokka má undir einkaneyslu, svo sem mat eða gistingu á leið til eða frá fundarstað.
4. Endurgreiðsla fæst samkvæmt framlögðum reikningum. Reikningar skulu berast skrifstofu LEB.

Formaður, gjaldkeri og skrifstofustjóri úrskurða um réttmæti þeirra. Rísi ágreingur má skjóta honum til stjórnar sem þá kveður upp endanlegan úrskurð.

LANDSFUNDUR LEB 2023

Tímalína

- **9.mars** **Uppstillingarnefnd hefur störf**
5 manna
- **28.mars** **Boðun landsfundar**
Staður, tími og dagskrá.
Tillögur stjórnar
- **9.apríl** **Tillögur aðildarfélaga/einstakra félagsmanna**
Skipun kjörbréfanefndar
3ja manna
- **23.apríl** **Aðildarfélög senda inn lista yfir fulltrúa sína**
Uppstillingarnefnd kynnir tillögur sínar
- **2.maí** **Ársreikningar tilbúnir áritaðir**
Liggja frammi á skrifstofu og birtir á heimasíðu
- **9. maí** **Landsfundur LEB 2023**
Hjálmaklettur, Menntaborgum, Borgarnesi

FRAMTÍÐIN ER KOMIN!

DAGSKRÁ LANDSFUNDAR LEB 2022

09.30 Afhending fundargagna og skráning

10:15 Velkomin!

Valgerður Sigurðardóttir formaður Félags eldri borgara í Hafnarfirði.

Setning landsfundar

Helgi Pétursson formaður LEB

10:25 Bjartur lífsstíll - Heilsuefling eldra fólks

Ásgerður Guðmundsdóttir og Margrét Regína Grétarsdóttir verkefnastjórar heilsueflingar eldra fólks, LEB & ÍSÍ

10:45 Kjörbréfanefnd tilkynnir fjölda lögmaetra kjörfulltrúa

Kosning starfsmanna fundarins

- Kosning tveggja fundarstjóra

- Kosning tveggja fundarritara

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur yfirfarinn

Niðurstaða kjörbréfanefndar

Kynning málefnanefnda landsfundarins

- Kjaranefnd

- Velferðarnefnd

- Húsnæðisnefnd

Umræða um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreikninga

Lagabreytingar

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun

Tillaga um árgjald

Afgreiðsla tillögu um árgjald

Kynntar stjórnarályktanir og aðsendar ályktanir

12:15 - 13.00 Hádegisverður

13:00 Starf málefnaþópa

- Kjaramál
- Velferðarmál
- Húsnæðismál

14.15 Afgreiðsla mála

14.35 Kosningar

- a) kosning 2 aðalmanna í stjórn til 2ja ára og 3ja varamanna í stjórn til 1 árs
- b) kosning 2 skoðunarmanna ársreiknings LEB og 2 til vara

15:00 Kaffihlé

15:30 Ávarp

Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra

15.50 Pallborð.

Verkalýðshreyfingin og fyrrverandi félagsmenn hreyfingarinnar, eldri borgarar
Drífa Snædal forseti ASÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB og Friðrik Jónsson
formaður BHM.
Pallborði stjórnar Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB og fyrrv.
framkvæmdastjóri Samiðnar.

16.10 Örerindi: Kjarnafélög eldri borgara

Drífa Jóna Sigfúsdóttir varaformaður LEB

16.15 Önnur mál

16.40 Fundi slitið

Eftir Landsfund – Valfrjálst:

Félag eldri borgara í Hafnarfirði býður landsfundarfulltrúum í rútuferð frá landsfundarstað, Hraunseli, í lok fundar. Ferðinni er heitið að Lífsgæðasetrinu Suðurgötu 26 Hafnarfirði. Þar verður tekið á móti hópnum og hann leiddur um húsið.

Að heimsókn lokinni verður keyrt meðfram höfninni til baka að Flatahrauni 3 og er áætlað að þangað verði komið ekki seinna en kl.18.00. Þeir sem vilja geta farið úr rúttunni í miðbænum.

Kl. 19.15 3ja rétta kvöldverður í Kænunni með skemmtiatriði

Munið að kaupa kvöldverðarmiða sem fyrst og ekki síðar en í hádegisverðarhléi.